

MINNISBLAÐ


Til: Fyrirtækja í hótél- og gistiþjónustu (FHG)
Frá: Dranga lögmönnum / Guðjón Rúnarsson lögmaður
Dags.: 26.9.2019 og 30.1.2020¹
Efni: Samkeppnishæfni fyrirtækja í hótél- og gistiþjónustu

I. Formáli

Samtök fyrirtækja í hótél- og gistiþjónustu á Íslandi fóru þess á leit við undirritaðan að vinna minnisblað þar sem farið væri yfir samkeppnishæfni fyrirtækja í hótél- og gistiþjónustu á Íslandi og settar fram tillögur um úrbætur.


II. Almenn

Ferðaþjónusta er orðin ein mikilvægasta atvinnugrein Íslendinga og sú mikilvægasta þegar kemur að öflun gjaldeyris í þjóðarbúið. Eins og sést á þessari mynd er hlutdeild ferðaþjónustunnar í útflutningi meiri en sjávarútvegs og stóriðju til samans.




¹ Upphaflegt minnisblað frá 26.9.2019. Búið að uppfæra minnisblaðið á nokkrum stöðum.

Hluttur fyrirtækja í hótél- og gistinguþjónustu á Íslandi vegur þar þungt.² Nú eru blikur á lofti í þeirri starfsemi. Rekstrarumhverfið hefur breyst hratt, samhliða auknum launakostnaði í kjölfar kjarasamninga og fækkunar ferðamanna vegna samdráttar í framboði flugsæta og aukins kostnaðar við að ferðast til Íslands. Þetta breytta rekstrarumhverfi hefur skilað sér í færri skráðum gistinguþöttum á Íslandi. Sérstaklega er þetta áberandi í skráðum gistinguþöttum utan höfuðborgarsvæðis. Neðangreind mynd enduspeglar fækkun ferðamanna, en hún sýnir brottfarir frá landinu um Keflavíkurflugvöll í ágúst mánuði á árunum 2015 til 2019.



Ferðamálastofa, september 2019


Sumarið er sá árstími sem skilar mestum fjölda ferðamanna til landsins, enda jafnan verið mest flugframboð til og frá landinu á þeim tíma. Með aukinni samkeppni í flugframboði síðasta áratug varð hins vegar mikil aukning í skráðum gistinguþöttum á öðrum tímum ársins, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.




Mælaborð ferðaþjónustunnar, september 2019

² Sjá t.d. [mælingar Rannsóknarseturs verslunarinnar](#) á erlendra kortaveltu hér á landi.

Samdráttur í flugframboði komandi vetrar hefur mikil áhrif á bókunarstöðu hótela í haust. Á neðangreindum myndum af mælaborði ferðapjónustunnar má sjá þróun fjölda gistinguátta, heildarfjölda á ársgrunni frá 2008, og heildarfjölda gestakoma til landsins að meðaltali á dag eftir mánuðum frá 2017. Um rauntölur er að ræða svo að sá vænti samdráttur í gistinguátum/gestakomum á haustmánuðum er ekki farinn að hafa áhrif. Sem dæmi komu 9% færri ferðamenn til landsins í júní í ár en fyrra, 7% færri í júlí og 17% færri í ágúst. Greiningardeild Arion banka spáir 19% fækkun ferðamanna á síðasta þriðjungi samanbórið við árið á undan. Í sömu úttekt kemur fram að rúmlega 20% færri flugsæti verði í boði til og frá landinu í vetur en síðasta vetur.³




Mælaborð ferðapjónustunnar, september 2019



Mælaborð ferðapjónustunnar, september 2019

³ [Ferðamannalandið Ísland: Hægt af stað eftir magalendingu](#). Geiningardeild Arion banka 11.9.2019.

Ef horft er til nýtingar á hótélherbergjum á höfuðborgarsvæðinu sýna neðangreind gröf að nýtingarhlutfallið árið 2019 er nálægt botni í samanburði við árin á undan. Einungis 2010, árið sem Eyjafjallajökull gaus, er neðar. Þá hafa tekjur á hvert herbergi einnig dregist saman.⁴




Greiningardeild Arion banka 2019.

Nýtingin er töluvert lægri á landsbyggðinni.⁵ Gistinóttum fjölgaði hins vegar lítillega á landsbyggðinni fyrstu 7 mánuði þessa árs meðan þeim fækkaði um 6% á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma.

⁴ Ferðamannalandið Ísland: Hægt af stað eftir magalendingu. Geiningardeild Arion banka 11.9.2019.

⁵ 40-65% á landsbyggðinni samkvæmt greiningu Hagfræðideildar Landsbankans, 26.9.2019.



Hagfræðideild Landsbankans 2019.

Í úttekt greiningardeildar Arion banka sem birt var 11. september síðastliðinn er spáð að störfum í ferðapjónustu muni fækka um 400 það sem eftir lifir árs, til viðbótar við fækkun um 1600 störf í kjölfar erfiðari reksturs eftir kjarasamninga og falls Wow air.

Í ljósi þeirrar óvissu sem uppi er nú um stundir er tímabært að allir aðilar, jafnt þeir sem sinna þessari starfsemi og stjórnvöld, skoði í sameiningu leiðir til að vinna á mótí samdrætti í greininni.

Eitt skýrasta dæmið um leið til þess væri að fella gistináttaskattinn niður. Til að vega á mótí tekjutapi ríkissjóðs af slíkri aðgerð og jafna samkeppnisstöðu í gistiþjónustu ætti að huga að samstilltum aðgerðum til að samræma skattlagningu á öðrum aðilum sem eru í sambærilegri starfsemi.

III. Tekjuhlíð ríkisins

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2020⁶ er gistináttaskattur flokkaður með öðrum sértækum þjónustusköttum, samanber neðangreint. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs af skattinum fyrir árið 2020 nema 1,26 milljörðum króna, sem er 75 milljónum krónum lægra en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2019.

⁶ Lög nr. 133/2019.

114.4.1	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins	2.330,0	2.330,0
114.4.2	Ofanflóðasjóðsgjald	2.709,0	2.709,0
114.4.3	Byggingaröryggisgjald	536,6	536,6
114.4.8	Gjaldtaka á ferðamenn	2.500,0	2.500,0
114.4.9	Gistináttaskattur	1.260,0	1.260,0
	Sértækir þjónustuskattar	9.335,6	9.335,6

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020


Til samanburðar nema áætlaðar tekjur ríkisins af gjöldum af bankastarfsemi (bankaskatti) fyrir árið 2020 10,45 milljörðum króna, eins og sjá má af mynd úr fjárlagafrumvarpi ársins 2020 hér fyrir neðan.

116	Aðrir skattar		
116.1	Aðrir skattar á atvinnurekstur	781,0	781,0
116.1.6	Gjald á bankastarfsemi	10.450,0	10.450,0
116.1.7	Gjald á lánastofnanir til umboðsmanns skuldara	292,6	292,6
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	11.523,6	11.523,6

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2020 kemur fram að frestun á því að hefja lækkun bankaskatts til ársins 2021, í samræmi við fjármálaáætlun frá júní síðastliðnum, skili ríkissjóði 1,6 milljarði króna í tekjur árið 2020 umfram það sem áður hafði verið ráðgert. Þau áform gera nú ráð fyrir að sú lækkun verði á tímabilinu 2021 – 2024 og minnki tekjur ríkissjóðs um 18 milljarða króna á því tímabili, eða um 4,5 milljarða króna lækkun á ári að meðaltali.⁷ Markmið þeirra breytinga hefur verið að auka skilvirkni í fjármálakerfinu og lækka kostnað neytenda. Til viðbótar við bankaskattinn er áætlað að ríkið fái 4 milljarða króna í sérstakan fjársýsluskatt, sem er viðbótarskattur á hagnað af rekstri fyrirtækja í fjármálastarfsemi, og 3,4 milljarða króna í fjársýsluskatt, þ.e. skatt á laun, á árinu 2020.

⁷ Í frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi vorið 2019 var gert ráð fyrir að sú lækkun yrði stigvaxandi yfir tímabilið. Það frumvarp náði ekki fram að ganga og ríkisstjórnin ákvað fresta þeirri aðgerð um eitt ár.



Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020

Eins og myndin hér að framan sýnir eru tekjur ríkisins af gistináttaskatti sáralitlar í samanburði við aðra sértæka skatta, eins og skatta á fjármálastarfsemi. Neðra grafið ber saman áætlaðar tekjur af gistináttaskatti og bankaskatti, en í því efra eru teknir saman bankaskattur, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur á móti gistináttaskatti.

IV. Um gistináttaskatt

Gistináttaskattur nemur 300 krónum á hverja gistieiningu á sólarhring og við hann bætist virðisaukaskattur, þannig að greiddur skattur nemur 333 krónum. Hann þrefaldaðist síðari hluta árs 2017. Hann er lagður á hótél, gistihús, íbúðir, orlofshús og tjaldsvæði, þ.e. hvert herbergi/hver íbúð/hvert orlofshús telst ein gistieining. Ef herbergi í íbúð eru leigð sérstaklega telst hvert þeirra gistieining. Í tilviki tjaldsvæða telst svæðið undir hverju tjaldi/hýsi/húsbíl gistieining.

Gistináttaskattur vegur þungt í rekstri hótela og gistihúsa hér á landi og bætist ofan á tryggingagjaldið sem sömu rekstraraðilum ber að greiða. Þannig nemur fjárhæð gistináttaskatts um 85% af því sem hótél landsins greiða í tryggingagjald.⁸

Pótt gistináttaskattur þekkist víða er mikilvægt að hafa í huga að nágrannaríki okkar, hin Norðurlöndin, sem Ísland ber sig oftast saman hafa ekki lagt á gistináttaskatt.

⁸ Miðað við 6,60% tryggingagjald af launum.

Skert samkeppnisstaða þeirra sem greiða gistináttaskatt gagnvart aðilum sem bjóða sambærilega þjónustu en greiða ekki slík gjöld er einnig atriði sem þarf að huga sérstaklega að. Í því sambandi má sérstaklega til taka:


Heimagistingu sem ekki er skráð hjá sýslumanni

Aðilar sem undanþegnir eru virðisaukaskatti greiða ekki gistináttaskatt. Heimilt er að selja þjónustu án virðisaukaskatts fyrir allt að 2 milljónum króna á ársgrunni. Ljóst er að tekjur mikils fjölda þeirra aðila sem bjóða upp á heimagistingu í gegnum Airbnb eða sambærilega miðla er undir þeim fjárhæðarmörkum. Þar er ótalin heimagisting sem ekki er skráð og því líkur til að ekki séu greiddir skattar eða aðrar skyldur af, þar með talið gistináttaskattur, jafnvel þótt tekjur séu yfir undanþágumörkum.

Í vaxandi mæli virðast vera að koma fram aðilar sem bjóða upp á herbergi eða hótélíbúðir í heimagistingu í stærri byggingum sem rúma margar einingar á sama stað, þar sem reksturinn er á sambærilegum forsendum og hjá hótél- og gistihúsum. Mikilvægt er að slíkir aðilar greiði virðisaukaskatt og gistináttaskatt eins og samkeppnisaðilarnir. Þá hafa einnig sprottið upp nokkur fyrirtæki hérlandis sem byggja viðskiptalíkan sitt á að halda utan um samskipti íbúðaeigenda við aðila eins og Airbnb, þ.e. sjá um að gera húsnæðið tilbúið til útleigu og öll bein samskipti við bæði leigjendur og bókunarfyrirtækið sjálft. Í nýlegri grein framkvæmdastjóra eins af þeim fyrirtækjum í Morgunblaðinu kom fram að töluverðar breytingar hefðu orðið á heimagistingamarkaðnum síðasta árið. Þannig væru mun fleiri í dag að leigja út slíka gistingu í hagnaðarskyni og starfsemin hefði þannig færst nær aðilum eins og booking.com.⁹ Þetta samræmist upplýsingum frá mælaborði ferðaþjónustunnar þar sem fram kemur að tíu stærstu leigusalarnir hafi verið með tugi og allt upp í hundrað eignir í leigu og haft um 1,5 milljarð króna samanlagt í tekjur síðustu 12 mánuði. Neðangreind tafla sýnir þróun á hlutfalli heimagistingar af heildargistingu í landinu undanfarin ár.

⁹ Viðtal við Sölva Melax, framkvæmdastjóra Heimaleigu, í Morgunblaðinu 16.9.2019. Sem dæmi um sambærileg fyrirtæki eru Dekura, GreenKey og Viator.

Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu
Markaðshlutdeild Hótela og Airbnb



Hagfræðideild Landsbankans, september 2019

Samkvæmt upplýsingum mælaborðs ferðapjónustunnar taldi framboð gistirýma í Airbnb leigu um 7.800 rými í ágústmánuði síðastliðnum. Framboðið sveiflast eftir árstíðum eins og önnur gisting í landinu, en ljóst að um verulegan fjölda er að ræða. Horft á ágúst var óverulegur munur á framboði milli ára 2018 og 2019. Nýtingarhlutfallið í ágúst var 64,2%, sem þýðir að um 5000 gistirými í Airbnb hafi verið í útleigu í ágúst 2019.¹⁰ Á vefnum systlumenn.is kemur fram að skráð heimagisting í landinu telur 2.100 eignir.¹¹ Ef framangreindu nýtingarhlutfalli ágústmánaðar sem birt er á mælaborði ferðapjónustunnar er beitt á þá tölu má áætla að um 1.350 af skráðum eignum hafi verið í útleigu þann mánuð.¹²


¹⁰ Tölur um meðalnýtingu á skráðu gistirými samkvæmt mælaborði ferðapjónustunnar <https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/gisting/airbnb-nyting>. Meðalnýtingarhlutfallið frá janúar til og með ágúst 2019 er 47%.

¹¹ Í lok september 2019.

¹² Hafa þarf í huga að nýtingarhlutfallið segir ekki til um fjölda leigudaga hvers leigurýmis á mánuði.

2.5 Framboð gistirýma í Airbnb leigu (þús)

● Allt heimilið ● Hótel herbergi ● Sameiginlegt herbergi ● Sérherbergi



Mælaborð ferðaþjónustunnar, september 2019

Taflan hér á eftir frá greiningardeild Landsbankans sýnir þróun á leigutekjum af Airbnb gistirýmum á landinu undanfarin ár. Eins og sést var heildarveltan komin í um 22 milljarða króna á árinu 2018. Ef tekið er mið af veltu fyrstu 7 mánuði þessa árs má gera ráð fyrir að heildarveltan 2019 verði í kringum 20 milljarðar króna.


	Milljónir króna	Breyting milli ára
2015	2.645	
2016	8.741	230%
2017	18.041	106%
2018	21.887	21%
2019 (7m)	12.018	2%

Hagfræðideild Landsbankans, september 2019

Ef þessar tölur eru bornar saman við skráningu sýslumanna á heimagistingu í landinu, sést að minni hluti hennar er skráður. Þannig má gera ráð fyrir að vantaldar tekjur ríkissjóðs af heimagistingu nemi mörgum milljörðum króna þegar allt er saman tekið. Af gistináttaskatti einum og sér gætu þetta verið nær 500 milljónir króna og virðisaukaskattur af leigutekjum um 2 milljarðar króna. Þá eru ótalin vantalið tryggingagjald, staðgreiðsla af launum og mismunur á fasteignaskatti vegna atvinnurekstrar.

Skemmtiferðaskip sem sigla umhverfis landið

Á myndinni hér að neðan má sjá þróun í farþegafjölda skemmtiferðaskipa síðustu ár. Þar er bæði um að ræða stærri erlend skemmtiferðaskip sem hafa viðkomu í íslenskum höfnum, en einnig minni skemmtiferðaskip (hótelskip) sem sigla kringum landið yfir sumartímann. Slík skip greiða enga skatta hér á landi, hvorki virðisaukaskatt né gistináttaskatt, og eru undanþegin tolli og áfengisgjaldi á vistir sem þau taka í landi og nýta um borð, enda séu þau skráð erlendis sem þau eru almennt.¹³ Þau greiða hins vegar farþegagjald fyrir hvern farþega, sem er mishátt eftir höfnum þar sem hver höfn ákveður gjaldið á grunni 17. gr. hafnalaga nr. 23/2003. Þannig nemur gjaldið 185 krónum á farþega í Reykjavík, 170 krónum á Akureyri og 125 krónum á Ísafirði.



Mælaborð ferðaþjónustunnar, september 2019

Í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar segir:

Gistináttagjald færist yfir til sveitarfélaga á kjörtímabilinu í tengslum við viðræður ríkis og sveitarfélaga um endurskoðun tekjustofna. Gjaldinu verður breytt þannig að það verði hlutfallslegt.

Ekki hafa enn verið stigin formleg skref í þá veru. Umræður um tilfærslu skattsins yfir til sveitarfélaga auka enn frekar á þá óvissu sem þegar er til staðar í ferðaþjónustunni nú um stundir.¹⁴ Stjórnvöld hafa með lækkingu tryggingagjalds verið að stíga skref til að lækka veltuskatta á greinina, eftir mikla hækkun tryggingagjalds í kjölfar bankahrunsins. Þannig skýtur skökku við að áforma á sama tíma að breyta gistináttaskatti í nýjan veltuskatt.

¹³ Samkvæmt b-lið 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 eru vistir í slík skip tollfrjálsar og tekur tollfrelsið einnig til skipa sem notuð eru í innanlandssiglingum í allt að 4 mánuði hvert ár.

¹⁴ Sagan hefur sýnt að skattar sveitarfélaga hafa haft tilhneigingu til að vaxa hratt, sbr. t.d. fráveitugjald.

V. Tillögur til úrbóta


Afnám gistináttaskatts

Lagt er til að lög nr. 87/2011, um gistináttaskatt, falli brott frá og með 1. janúar 2020, til að eyða óvissu og styrkja samkeppnisstöðu í hótél- og gistiþjónustu á Íslandi.

Rök fyrir afnámi

Hótél- og gistiþjónusta á Íslandi á undir högg að sækja vegna ytri aðstæðna. Afnám sérstakrar skattlagningar á greinina er einföld aðgerð sem myndi styrkja samkeppnisstöðu hennar. Ef horft er á væntar tekjur ríkissjóðs af slíkum skatti liggur fyrir að þær eru mun minni en sem dæmi þær tekjur sem ríkið yrði af við boðaða lækkun bankaskatts. Án þess að hér verði lagt mat á áhrif lækkunar skatta á aðrar atvinnugreinar er ástæða til að horfa til mikilvægis ferðaþjónustunnar fyrir þjóðarþúið.

Hafa ber í huga að mótvægisáðgerðir sem miða að því að auka þrótt greinarinnar og vega á móti fækkun skráðra gistinátta á landinu skila á móti tekjum í formi virðisaukaskatts af þeim ferðamönnum sem ella hefðu ekki komið til landsins eða dvalið skemur. Þar er eftir miklu að slægjast, enda virðisaukaskattur langstærsti einstaki tekjustofn íslenska ríkisins eins og sést á neðangreindri mynd. Auk þess má gera ráð fyrir frekari tekjum af öðrum skattstofnum, eins og vörugjaldi, áfengisgjaldi og eldsneytissköttum fyrir hvern viðbótar ferðamann sem slíkar áðgerðir skila til landsins. Þá má ekki gleyma afleiddu áhrifunum, þ.e. á aðrar greinar ferðaþjónustunnar en um 40% allra nýrra starfa í landinu þennan áratug hafa orðið til í ferðaþjónustu.



Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020

Væntar tekjur af gistináttaskatti árið 2020 nema 1,26 milljarði króna. Ef horft er til fjölda ferðamanna sem sækja landið heim, má vera ljóst að ef tekst að vega á móti þeirri fækkun ferðamanna sem blasir við, þó ekki væri nema að litlu leyti, mun það skila ríkissjóði til baka stórum hluta þeirra tekna sem gistináttaskatturinn skapar. Á sama tíma stuðlar afnám skattsins að jöfnun samkeppnisstöðu aðila innan greinarinnar og dregur úr vilja aðila til að stunda svarta starfsemi á því sviði.

Jöfnun samkeppnisstöðu

Farþegagjöld ígildi virðisaukaskatts

Farþegagjöld skemmtiferðaskipa verði samræmd þannig að gjaldtakan nemi ígildi virðisaukaskatts sem hótél á landi greiða.

Rök fyrir breytingu

Skemmtiferðaskip greiða enga skatta hér á landi. Sú staðreynd hefur leitt til þess að færst hefur í aukana að boðið sé upp á gistingu í slíkum skipum sem sigla í kringum landið, ýmist gerð út frá Íslandi eða öðrum ríkjum. Framboð gistingar í slíkum skipum er stundum verulegt miðað við þá gistingu sem er í boði í viðkomandi bæjarfélagi þar sem lagst er að bryggju. Það er ójöfn samkeppni fyrir þá aðila sem bjóða upp á gistingu á landi.

Fjöldi farþega sem kom til landsins með skemmtiferðaskipum nam 425 þúsund árið 2018 og hefur farið vaxandi ár frá ári. Fyrir utan að greiða engan gistináttaskatt fyrir sína farþega þá greiða skipin sjálf heldur engan virðisaukaskatt af þeim vistum sem keyptar eru í landi og seldar um borð þegar lagt er af stað aftur, né aðra skatta eins og áfengisgjald. Hafa má í huga að þau skemmtiferðaskip sem hingað koma losa gríðarlegt brennisteinsryk eða sem jafngildir því sem 5000 bifreiðar losa á hverri sekúndu. Vistsporin sem slík skip skilja eftir hér eru því stór.

Áfram verði markvisst unnið að því að sporna gegn óskráðri heimagistingu

Á sumarþingi 2019 voru gerðar breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem m.a. miða að því að auka eftirlit með óskráðri gistingu. FHG lýstu yfir stuðningi við þá breytingu, sem er framfaraskref, en töldu mikilvægt, eins og fram kom í umsögn samtakanna um frumvarpið, að huga að frekari skrefum til að draga úr óskráðri heimagistingu.

Að mati FHG er þannig eðlilegt að afmarka skráningu heimagistingar við eina fasteign og að hámarks leigutímabil á ári miði við einn mánuð, sem er hefðbundið orlofstímabil vinnandi fólks. Slík útfærsla styður þá hugsun um deilihagkerfið sem hugmyndir um heimagistingu byggja á, á sama tíma og þeir sem hyggjast gera slíkt form gistingar að atvinnu sinni verði að standa skil á sömu sköttum og skyldum og fyrirtæki í hótél- og gistipjónustu gera. Það samræmist heldur ekki grunnhugsuninni á bak við **heimagistingu** að farið sé að gera út á slíka starfsemi í atvinnuskyni.

Hér má minna á að í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: *Skammtímaleiga íbúðarhúsnæðis til ferðamanna hefur aukist mikið á undanförunum árum og hefur sú þróun haft afgerandi áhrif á húsnæðismarkað víða um land. Setja þarf skýrari reglur um slíka starfsemi, í samvinnu við sveitarfélögin og ferðaþjónustuna, ásamt því að efla eftirlit með leyfislausri starfsemi. Kanna þarf forsendur þess að sveitarfélög hafi ríkari heimildir til að stýra leigumarkaði.*

Það er eftir miklu að slægjast fyrir ríkissjóð að ná sem stærstu hlutfalli af heimagistingu upp á yfirborðið. Heildartekjur af slíkri gistingu eru áætlaðar um 20 milljarðar króna á árinu. Mjög stór hluti hennar er enn óskráður og því ólíklegt að greiddur sé fjármagnstekjuskattur og gistináttaskattur af þeirri leigu.¹⁵

Þá er ljóst að stóraukin útbreiðsla heimagistipjónustu í íbúðahverfum reynir á þolgæði þeirra íbúa sem fyrir eru. Oft fylgir slíkri þjónustu ónæði vegna aukins umgangs, næturbrólts með ferðatöskur við húsgafla o.fl. Þegar heimagisting er orðin veruleg í hverfum er hún líkleg til að ýta undir neikvætt viðhorf íbúa til ferðaþjónustunnar, sem aftur getur endurspeglast í upplifun ferðamanna sem koma til landsins.

Aðrar leiðir

Vegtollar

Hugmyndir um vegtolla í samgöngum hafa verið töluvert í umræðu undanfarin misseri. Í þessum mánuði hafa fulltrúar hins opinbera kynnt slíkar hugmyndir. Þær ganga bæði út á tollvegi innan höfuðborgarsvæðsins til að hraða uppbyggingu þar en einnig vegtolla af einstökum framkvæmdum til að létta á umferðarþunga og bæta öryggi á hringveginum. Rætt hefur verið um útfærslu á vegtollum sem reynsla er af hér á landi,¹⁶ en einnig verið

¹⁵ Um skattalega meðferð leigutekna, sjá:

<https://www.rsk.is/einstaklingar/fjarmagnstekjur/leigutekjur/>

¹⁶ Samanber sú aðferð sem notuð var við innheimtu veggjalds fyrir akstur í gegnum Hvalfjarðargöngin.

vísað til fyrirkomulags sem notað hefur verið nágrannaríkjum.¹⁷ Í kerfum sem ganga út á áskrift til lækkunar gjalds fyrir einstakar ferðir má gera ráð fyrir að erlendir ferðamenn greiði heilt yfir hlutfallslega hærra gjald en landsmenn sem nota vegakerfið reglulega. Skiptar skoðanir hafa verið um tillögur stjórnvalda, en mikilvægt er að FHG taki virkan þátt í umræðu um þessi mál, m.a. með það fyrir augum hvort þetta geti verið farsæl leið fyrir hið opinbera til að ná í auknar tekjur frá ferðamönnum.

Innviðaskattar og aðrar leiðir

Frá 1. október 2019 er Nýja-Sjáland að taka upp sérstakan ferðamannaskatt¹⁸ sem nemur 3.000 krónum á mann¹⁹ til að fjármagna uppbyggingu innviða og vernd viðkvæmra svæða. Skatturinn er greiddur samhliða umsókn um ferðaheimild fyrir að ferðast til Nýja-Sjálands, svokallaðri New Zealand Electronic Travel Authority/NZETA²⁰, og gildir í tvö ár. Landsmenn eru þannig undanþegnir gjaldinu.²¹ Þá má benda á að íslenska ríkið hefur nú þegar verulegar tekjur af vegabréfsáritunum fyrir ferðamenn frá þriðju ríkjum og tækifæri gætu legið í að auka þær tekjur enn frekar.

VI. Lokaorð

Það skiptir þjóðarbúið miklu máli að leitað sé leiða til draga úr þeirri væntu fækkun í komu ferðamanna til landsins sem blasir við. Mótvægisáðgerðir sem miða að því að efla þrótt fyrirtækja í hótél- og gistiþjónustu geta vegið þungt í þeim efnum. Hér eru settar fram tillögur um afnám gistináttaskatts og jöfnun samkeppnisstöðu.

Sértækir skattar á einstakar atvinnugreinar hafa í eðli sínu neikvæð áhrif á viðkomandi starfsemi og þau verðmæti sem þar eru byggð upp. Boðuð hefur verið veruleg lækkun á bankaskatti, frá og með árinu 2021. Gistináttaskatturinn er langtum minni tekjustofn fyrir ríkið í dag og því ætti að vera einfaldari aðgerð að fella hann brott. Með tillögu um brottfall gistináttaskatts er ekki kallað eftir opinberri ívilnun í þágu atvinnugreinar eins og þekkist

¹⁷ Samgöngu- og sveitastjórnarráðherra hefur m.a. vísað til svokallaðs Gautaborgarmóðels, ekki síst hvað varðar uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu.

¹⁸ International Visitor Conservation and Tourism Levy. Sjá: <https://www.afar.com/magazine/travelers-will-soon-need-to-register-and-pay-a-new-tax-to-visit-new-zealand>

¹⁹ 34 NZD / 23 USD.

²⁰ Það er sambærilegt fyrirkomulag og ESTA í Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum kostar umsókn um ESTA 1.750 krónur. Umsókn um NZETA kostar 900 krónur, en við bætist hinn nýi skattur.


²¹ Frumvarp um svokallaðan náttúrupassa var lagt fyrir Alþingi Íslands í desember 2014. Gjald fyrir slíkan passa átti að nema 1.500 krónum og voru allir sem ætluðu að heimsækja svæði sem féllu undir náttúrupassa, erlendir sem innlendir, skyldaðir að framvísa passanum. Þröngar undanþágur voru frá því. Málið var umdeilt og náði frumvarpið ekki fram að ganga.

í t.d. sjávarútvegi, landbúnaði og stóriðju, heldur er um að ræða aðgerð sem fallin er til að vinna á móti samdrætti í fjölda ferðamanna sem heimsækja landið og sem styður þannig við tekjuöflun ríkisins á komandi misserum. Aðgerðin er einnig líkleg til að styðja við frekari uppbyggingu hótél- og gistiþjónustu á landsbyggðinni, en samdráttur í komu ferðamanna bitnar enn harðar á mörgum sveitarfélögum úti á landi.

Gjalda ber varhug við þeirri stefnumörkun ríkisins að færa gistináttaskattinn yfir til sveitarfélaga og breyta honum í veltuskatt. Stöðugt vaxandi fasteignaskattar á grunni hækkandi fasteignamats íþyngja hótél- og gistihúsarekstri mjög nú um stundir. Þá hefur sýnt sig að t.d. fráveitugjald sveitarfélaga hefur hækkað verulega á liðnum árum. Nýr veltuskattur á forræði sveitarfélaga er ekki það sem atvinnugreinin þarf á óvissutímum.

Ástæða er til að fylgja enn frekar eftir stefnumörkun stjórnvalda um skýrari ramma um skammtímaleigu til ferðamanna (heimagistingu) og skoða leiðir til að jafna samkeppnisstöðu hótela í landi gagnvart ferðamönnum sem gista í skemmtiferðaskipum við strendur landsins.

Í greiningu Deloitte er gert ráð fyrir að nettótekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga af ferðamönnum árið 2020 muni nema 60 milljörðum króna.²² Ef samstillt átak stjórnvalda og fyrirtækja í ferðaþjónustu með aukinni fjárfestingu í greininni skilar 3% vexti ferðamanna til ársins 2030, gerir Deloitte ráð fyrir að þá muni nettó tekjur nema 80 milljörðum króna. Þar af kemur um fjórðungur í hlut sveitarfélaga.



Næstu skref gætu falist í að stjórnvöld leiði saman helstu hagsmunaðila í greininni til að ræða nánar þær tillögur sem hér koma fram og þær hugmyndir sem aðrir haghafar kunna að hafa. FHG ættu að lýsa sig reiðubúin til þátttöku í slíku samstarfi.

²² Unnið fyrir Stjórnstöð ferðamála 2020. Gert ráð fyrir um 30.000 kr. tekjum af hverjum ferðamanni. Hafa skal í huga að reiknað er með að tekjur hins opinbera af ferðamönnum dragist saman úr 80 milljörðum króna í 60 milljarða króna milli árunna 2018 og 2020.